

Sveitarfélagið Hornafjörður
Ásgerður K. Gylfadóttir,
bæjarstjóri
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 5. febrúar 2014
Tilvísun: UST20131200156/ksj

Lýsing. Tillaga að deiliskipulagi áætlaðrar ferðaþjónustu í landi Nónhamars, Hornafirði.

Vísað er til erindis Sveitarfélagsins Hornafjarðar er barst 20. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu vegna tillögu að deiliskipulagi ferðaþjónustu í landi Nónhamars, Hofi í Sveitarfélaginu Hornafjörður. Að Nónhamri í Hofi er áætlað að byggja upp ferðaþjónustu á 13,8 ha svæði. Ofangreint svæði er staðsett vestur af bæjarþyrpingunni að Hofi, suðvestan Hringvegar nr. 1, á sléttum framræustum áreyrum.

Fyrirhugað deiliskipulag

Áætlunar um uppbyggingu á svæði Nónhamars fela í sér byggingu yfir 3000 fermetra í samtals 13 byggingum af ýmsum stærðum, og er gert ráð fyrir að byggingar dreifist um framræst tún.

Sjónræn áhrif

Í greinargerð lýsingar kemur fram að áætlað er að staðsetja byggingar á framræst tún á áreyrum sem er að mati stofnunarinnar ekki í samræmi við hefðir á svæðinu, þ.e. yfirleitt eru byggingar á svæðinu í þyrpingu undir fjallshlið. Að mati Umhverfisstofnunar verða neikvæð sjónræn áhrif af áætlaðri niðurköldun bygginga. Að mati stofnunarinnar myndu byggingar falla betur að umhverfinu og byggð sem fyrir er á svæðinu ef tekið væri tillit til þeirra bygginga og býlisþyrpinga sem fyrir eru, og þá yrðu ekki eins neikvæð sjónræn áhrif af uppbyggingunni. Að mati Umhverfisstofnunar fellur ofangreind tillaga um staðsetningu framkvæmda í landi Nónhamars ekki að endurskoðuðu aðalskipulagi sveitarfélagsins þar sem segir að stefna um uppbyggingu ferðaþjónustu: „taki mið af staðarvals- og byggingarhefð sveitanna ef byggt er þar sem byggð er ekki fyrir“.

Fráveita

Öll fráveita skal vera í samræmi við reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999 og leiðbeiningar Umhverfisstofnunar.

Virðingarfyllst

Kristin S Jónsdóttir

Sérfræðingur

Jónsdóttir

Björn Stefansson
Björn Stefansson
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun

